

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 2. fundur haldinn 14. október 2002 í fundarsal Grensáskirkju.

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, sr. Lára G. Oddsdóttir fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson oddviti, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, og Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs.

**Gestir:** Arkitektarnir Grétar Markússon og Stefán Örn Stefánsson.

### 1. Setning fundar

Ragnhildur bauð gesti velkomna og setti fundinn.

### 2. Þjónustuhús við kirkjur og kirkjugarða

Stefán Örn og Grétar röktu aðkomu Skipulagsnefndar kirkjugarða og Kirkjugarðasjóðs að þessu verkefni og kynntu hugmyndir að bæklingi. Þjónustuhús við kirkjur með mismunandi tillögum að útliti þjónustuhúsa. Ætlunin er að kynna þetta fyrir Húsafriðunarnefnd ríkisins og Bygginga-og listanefnd kirkjunnar.

### 3. Hjarðarholt í Dölum

Stefán Örn og Grétar kynntu teikningar af þjónustuhúsi og skipulagi nánasta umhverfis sem þeir hafa unnið í samvinnu við Reyni Vilhjálmsson landslagsarkitekt og Guðmund Rafn Sigurðsson.

### 4. Bréf til Skipulagsstofnunar

Guðmundur lagði fram drög að bréfi til Skipulagsstofnunar varðandi deiliskipulag og afgreiðslu byggingarnefndar á þjónustuhúsum við kirkjur.

### 5. Saurbær í Eyjafirði

Lögð fram greinargerð v/Saurbæjar í Eyjafirði sem stefnt er að því að senda Landbúnaðarráðuneyti f.h. Þjóðminjasafns, Kirkjugarðaráðs, sóknarnefndar og sveitarstjórnar Eyjafjarðar.

### 6. Drög að greinargerð um gjaldalíkan fyrir kirkjugarða

Lögð fram til kynningar á þessum fundi, en einnig send til kynningar á Kirkjubingi.

### 7. Önnur mál:

- Lögð fram endurskoðunarskýrsla Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2001 fyrir Kirkjugarðasjóð. Engar athugasemdir komu frá Ríkisendurskoðun við reikninginn.
- Ragnhildur gerði grein fyrir ákvörðun þóknunarnefndar v/þóknunar fyrir nefndarstörf ráðsins, en mánaðargreiðslur voru ákveðnar 20 einingar fyrir formennsku og 15 einingar til annarra nefndarmanna.

- c) Ragnildur gerði grein fyrir fundi sínum og Guðmundar Rafns með Ólafi Davíðssyni ráðuneytisstjóra vegna skemmda sem urðu á kirkjugörðum á Suðurlandi í jarðskjálftanum árið 2000 og óska um styrk. Erindið fékk góðar undirtektir Ólafs.
- c) Formanni var falið að ljúka gerð launasamnings við Guðmund Rafn.

Margrét Hallgrímsdóttir vék af fundi kl. 12:00 og tók Lára Oddsdóttir við ritun fundargerðar frá 6. lið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:40.

---

Ragnildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Margrét Hallgrímsdóttir, ritari